

## Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, mánudaginn 30.03.2020, kl. 20:00

Mættir: Gunnar Berg Viktorsson Jóhannes Egilsson, Sigurður Bjarnason, Ásta Kristjánsdóttir, Sigríður Dís Guðjónsdóttir, Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir, Einnig sátu fundinn Baldvin Sturluson, fjármálastjóri og Ása Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundagerðina.

Forfallaðir: Kristján Thorlacius,

### Fundagerð:

formaður, Sigurður Bjarnason, setti fundinn og stýrði

1. Tillaga neyðarráðs um aðgerðir í fjármálum vegna áhrifa á Covid19

Lögð var fram aðgerðaráætlun sem unnin var af neyðarstjórn og lögð til samþykkis til aðalstjórnar. Sú áætlun gerir ráð fyrir 30% heildar niðurskurði á alla samningsbundna leikmenn, þjálfara, starfsmenn frá og með 1. apríl til 30. des 2020. Ljóst er að núverandi umhverfi er öllum þungt og að félagið lítur á það sem skyldu sína að standa vörð um hagsmuni félagsins til lengri tíma litið. Við vitum að slík neyðarráðstöfun sem við grípum nú til er ekki líkleg til vinsælda en markmið félagsins er og hefur verið að standa við gerða samninga. Sökum fordæmalausrar stöðu er ljóst að til að ekki hljóti varanlegur skaði fyrir félagið og alla félagsmenn þess verður að grípa til þessara ráðstafana. Sú aðgerðaráætlun var í framhaldinu lögð til samþykkis til allra formanna allra deilda.

**Niðurstaða:** Aðalstjórn beinir nú þeim tilmælum til starfsmanna sinna innan allra deilda félagsins og stjórnar deilda að hefjast handa við vinnu tengt fyrrgreindri aðgerðaráætlun. Aðalstjórn félagsins mun þar af leiðandi axla þá ábyrgð og framfylgja að allar deildir útfæri í samráði og í fullri samvinnu við starfsmenn félagsins fyrrgreinda áætlun án tafar.

2. Yfirlýsing frá Kristjáni B. Thorlacius vegna úrsagnar úr stjórn

Eftir að hafa eitt miklum tíma og orku í að leysa ágreiningsmál, sem uppi hafa verið í félaginu á undanförunum vikum og mánuðum, er orðið ljóst að hugmyndir mínar og formanns félagsins um það hvernig eigi að haga samskiptum og ákvarðanatöku innan stjórnar, samskiptum við einstakar deildir og við einstaka starfsmenn fara ekki saman. Ekki er lengur til staðar það traust sem þarf að vera til staðar í starfi sem þessu.

Það er því óhjákvæmilegt að ég tilkynni um úrsögn mína úr stjórn UMF Stjörnunnar frá og með deginum í dag að telja.

Garðabæ, 30. mars 2020.

Kristján B. Thorlacius

**Niðurstaða:** Beiðni færð til bókar og umræðu frestað til næsta fundar.

fundir var slitið kl. 21:00, Ritað ÁÍP

